

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins, á að vera sýkn fyrir kærnum og kröfum stefnda í máli þessu. Málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi fellur niður. Hinum skipaða málsfærslumanni stefnda fyrir undirréttinum, yfirkennara Halldóri Kr. Friðrikssyni, greiðist úr landssjóði málflytningu þar, 10 krónur.

Mánudaginn 20. ágústmánaðar.

Nr. 25/1900:

Hið opinbera

gegn

Lárusi Pálssyni.

D ó m u r :

Með dómi lögregluréttar Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 15. júní þ. á., var hinn kærði, Lárus Pálsson, húsmáður í Reykjavík, dæmdur fyrir ólöglega lyfjasölu til að greiða 15 kr. sekt í fátækra sjóð Reykjavíkur, og allan kostnað, er leiddi af málssókninni gegn honum. Þessum dómi hefir að ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða löglega sannað í máli þessu, að hann hafi keypt homöopathísk meðul í lyfjabúðinni í Reykjavík, og síðan selt þau ýmsum öðrum, er leituðu lækninga hjá honum. Með því þannig að láta úti lækni-lyf fyrir borgun hefir kærði gjörst brotlegur gegn

lagareglum þeim, sem settar eru um meðalásölu einkanlega tilsk. 4. desbr. 1672, 30. gr., »Instrux« fyrir landlækni 25. febr. 1824, 18. gr., og »Instrux« fyrir héraðslækna 25. febr. 1824, 17. gr., sbr. kgsbr. 17. jan 1783 og kansellibréf 16. sept. 1797. Hann getur því eigi komist hjá sekt fyrir hinn átalda verknað, og með því að sektin, sem rennur í fátækra sjóð Reykjavíkur, þykir hæfilega ákveðin fyrir hinn kærða, 15 kr., með tilliti til þess, að hann áður á þessu ári hefir verið dæmdur í 10 kr. sekt fyrir sams konar brot, og með því að málskostnaðarákvæði undirréttardómsins samþykkist, ber að staðfesta nefndan dóm eins og hann er. Eftir þessum úrslitum verður kærði einnig að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningu laun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Lögreglu réttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Lárus Pálsson skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talið málflytningu kaup til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málfærslumannanna Einars Benedikssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 13/1900:

Halldór Bjarnarson
gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur, Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni, Vilborgu S. Guðmundsdóttur og Jakobínu Guðmundsdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði í héraði ekkja Guðmundar sál. Jónssonar í Grjótnesi, hin stefnda Jóhanna Bjarnardóttir, ásamt börnum hennar og Guðmundar sál., hinum meðstefndu Birni St. Guðmundssyni, Jóni Guðmundssyni og Vilborgu S. Guðmundsdóttur, svo og systur Guðmundar sáluga, Jakobínu Jónsdóttur, gegn áfrýjandanum Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, fyrir meiðyrði um mann, föður og bróður þeirra, oftnefndan Guðmund sál. Jónsson á Grjótnesi, og var málið dæmt í aukarétti Þingeyjarsýslu 12. ágúst f. á. þannig, að áfrýjandinn var dæmdur í 50 kr. sekt til landskjóds eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, svo og í 10 kr. sekt fyrir óþarfa málsýfingu og í málskostnað 20 kr., og hin átöldu meiðyrði voru dæmd dauð og ómerk.